

Ed.

533. Nefndarátt

um frv. til fátækralaga.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta, sem er stjfrv., var lagt fram í háttv. Nd. í byrjun þings og hefir verið samþykkt þar með nokkrum smábreytingum.

Allsherjarnefnd fjekk frv. til meðferðar 25. mars og hefir rætt það á mörgum fundum.

Að nefndin hefir ekki getað afgreitt frv. til deildarinnar fyr en nú, stafar af því, hvað hún hefir fengið mörg önnur mál til athugunar, og þó einkum af því, að 2 af nefndarmönnum, sem einnig eru í fjárveitinganefnd, hafa orðið að verja miklum tíma til vinnu við fjárlögin síðan frv. kom til nefndarinnar.

Nefndin lítur svo á, að endurskoðun sú á fátækralöggjöfnni, sem fyrir liggur í frv., hafi tekist vel og að ekki hafi verið gerðar nema þarfar og sanngjarnar breytingar á lögunum, felt úr þeim það, sem úr gildi var gengið og að mestu er húið að taka upp í aðra löggjöf (síðalögin), og vafasöm nýmæli sama sem engin tekin upp í frv.

Með samþykkt frv. verða því fátækralögin til muna aðgengilegri og skýrari en þau eru nú.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 10. gr. Í stað orðsins »edur« á 2 stöðum komi: eða.
2. Við 21. gr.
 - a. Í stað orðsins »vistfestur« komi: vistfastur.
 - b. Í stað orðanna »þeim árum« komi: síðustu 10 árum.
3. Við 36. gr. Í stað orðsins »slík« í 2. málsg. komi: góð.
4. Við 43. gr. Á eftir 2. málsg. komi ný málsg., svo hljóðandi:

Ákvörðunum sveitarstjórnar eftir 1. og 2. málsg. getur styrkþegi eða sveitarstjórnarmaður innan mánaðar skotið til sýslumanns í sveitum, en til atvinnumálaráðherra í kaupstöðum.
5. Við 45. gr. Í stað orðanna »eða að minsta kosti oddviti hefir« í fyrri málsg. komi: og styrkþegi, ef hann er innsveitismaður, hafa.
6. Við 46. gr. Orðin »ef ekki er um seinan« í síðustu málsg. falli burt.
7. Við 50. gr. Á eftir orðunum »framfærsluhreppi þeirra« komi: eða barnsmóðir.
8. Við 66. og 67. gr. Í stað orðsins »Styrkur« í upphafi 2. málsg. komi: Ríkissjóðsstyrkur.

Alþingi, 7. maí 1927.

Jóh. Jóhannesson,
formaður.

Guðm. Ólafsson,
fundaskr. og frsm.

Jóhann Þ. Jósefsson.